

## **Minnisblað vegna kvikmyndar um Hafnarfjarðarhöfn og Sjómannadaginn**

Með vísan til samtals okkar fyrir skömmu um hugmynd vegna samantektar kvikmyndaefnis sem tengist Hafnarfjarðarhöfn og Sjómannadeginum í Hafnarfirði og hugmynd um sýningu þess vegna 110 ára afmælis Hafnarfjarðarhafna, sendi ég eftirfarandi hugleiðingar/hugmynd sem ég bið þig um að kynna fyrir Hafnarstjórn.

Ég byrjaði að kvikmynda í Hafnarfirði mannlíf og viðburði í Hafnarfirði um eða upp úr 1980 með myndbandstækni, sem var að slíta barnsskónum þá, m.a. alla viðburði hátíðarhaldanna 1983 þegar 75 ára afmæli bæjarins var minnst. Fljótlega tók ég að mynda hátíðarhöldin á Sjómannadaginn og einnig margt sem gerðist á svæði hafnarinnar.

Oft hef ég afritað eldra efni úr safni mínu og reynt að gera því gott með þarfir nýrri tækni í huga, ekki síst á árunum 2006-9 þegar ég vann heimildarmyndir vegna 100 ára afmælis Hafnarfjarðar 2008, og svo 100 ára afmælis Hafnarfjarðarhafnar ári seinna. Ég hef á undanförnum mánuðum byrjað að afrita allt kvikmyndaefni mitt og færa upp í gæðum og formati. Efni þetta er tekið upp á alls kyns stöðlum og formötum, en allt efni frá ca. 1980-2006 er fært upp í HD gæði, svokallaða háskerpu, og litleiðrétt í leiðinni. Nýrra efni, stafrænt í svokölluðum HD gæðum er fært upp í 4K, svokallaða ofurháskerpu, sem er sá staðall sem ég tek nýtt efni upp á núna. Jafnframt er ég að afrita og uppfæra allt hljóðefni mitt, sem aðallega tengist starfsemi Útvarps Hafnarfjarðar á árunum 1987-2004 ca. Allt þetta efni hleypur á þúsundum klukkutíma og tekur því mikinn tíma að koma í varanlega geymslu, en ég ráðgeri að allar spólur af ýmsum toga, sem fylla nú tvær stórar geymslur, muni verða varðveittar á Kvikmyndasafni Íslands, en viðræður um slíkt hófust í fyrra, þegar elstu myndbandstæki mín, gríðarstór tommutæki fóru þangað til varðveislu. Enn er þó óljóst hvar hljóðsafnið verður varðveitt. Afurðirnar verða á hörðum diskum með ítarlegri efnisskrá, og verður gemt í tveimur eintökum á sitt hvorum staðnum. Ég hef áætlað að yfirfærslan taki mig 3-5 ár, meðfram öðrum störfum, en í dag er ég, þegar best lætur að eyða 2-3 klukkutímum á dag við þessa vinnu, alla daga vikunnar. Þá hleypur kostnaður við kaup á 8 terabæta hörðum diskum oft á bilinu 100 - 160 þúsund krónum á mánuði.

Mér hefur smám saman orðið ljóst að mér mun ekki endast ævin að vinna úr öllu þessu efni þætti og samantektir eins og ég hefði viljað, svo ég hef ákveðið að setja stefnuna á að bjarga öllu efninu á framtíðarformat til að byrja með. Tækin sem ég tók og vann á árin 1992-4 eru biluð, og hvergi í veröldinni eru til allir varahlutir sem til þarf, en með hjálp góðra manna vonast ég til að hægt verði að gera eitt nothæft aftspilunartæki úr þeim þremur sem ég á. Þessi bilun varð t.d.. til þess að ekki var hægt að sýna myndina sem við Lúðvík gerðum á 60 ára afmæli Haukanna, á 85 ára afmæli félagsins nýlega.

Sérstaka áherslu ætla ég líka að leggja á að varðveita tilbúna sjónvarpsþætti sem ég hef gert í gegnum tíðina og sýndir hafa verið á SÝN og RÚV og svo Sjónvarpi Hafnarfjarðar. Þetta eru þættir eins og Hafnfirsk sjónvarpsyrpa 1982, 5 þættir, 1992-4 tæplega hundrað þættir á SÝN, og í Sjónvarpi Hafnarfjarðar 1995-1999.

Þá gerði ég 24 þætti um hafnfirski listamenn (flestir frumsýndir, nokkrir enn ókláraðir), tugi samtalsþátta undir heitinu "Þau byggðu bæinn" á árunum 1992 til dagsins í dag, auk fjölda mynda um hafnfirsk málefni og félög. Með nemendum mínum í fjölmiðladeild Flensborgarskólans vann ég þáttaraðir eins og

Fjölmiðlakóng/Fjölmiðladrottningu í einn dag, Rammann, þátt um málefni ungs fólks í bænum og ýmislegt fleira. Við tókum upp alla dagskrá 100 ára afmælis bæjarins 2008 (mest óunnið ennþá.) Þá hef ég tekið upp vandaðar fjöhljóðrásar, fjölkameruupptök af ýmsum árlegum viðburðum s.s. 17. júní, Sjómannadeginum, Sumardaginn fyrsta, Björtum dögum, Heima, Barnakóramóti Hafnarfjarðar frá upphafi, Stóru upplestrarkeppnina frá upphafi, Syngjandi jól í Hafnarborg frá upphafi og helstu stóra tónleika Tónlistarskóla Hafnarfjarðar í gegnum tíðina auk fjölmargra tónleika í bænum t.d. alla tónleika Þrastanna frá ca. 1988 - 2012.

Á næstu mánuðum langar mig að gera nokkra þætti um valin málefni, byggt á myndefni mínu yfir langan tíma, auk viðtala og innskota sem verða tekin upp sérstaklega vegna þessara þátta eða mynda. Einn af þeim þáttum er um Sjómannadaginn og höfnina, fortíð og framtíð. Hugmyndin er að ræða við Karel Karelsson um framkvæmd hátíðarhaldanna á Sjómannadaginn, og samstarf við höfnina og bæinn í því. Ég á skemmtileg myndskreið frá öllum stöðum í bænum þar sem hátíðarhöldin hafa farið fram við, heiðrun sjómanna og svipmyndir Hafnfirðinga á ýmsum tímum.

Þá yrði þriggja heiðursmanna minnst með smá innslögum; Eyjólf Sæmundssonar, sem lengi var formaður Hafnarstjórnar, Júlíusar Sigurðssonar skipstjóra bæjarútgerðarinnar með búið úr viðtali sem við Helgi Ragnar Sverrisson tókum tíð hann og félagi hans vegna myndar um Norðurbakkann sem við höfum verið að vinna í nokkur ár og loks síðasta bátasmiðsins í bænum, Eyjólf Einarssonar, með búið úr viðtali sem ég tók við hann þegar hann var að smíða síðasta bátinn sinn fyrir allmörgum árum, og svipmyndir af síðustu sjóferð hans á bátum. Að auki eru glefsur úr Sjómannadagsræðum Kristínar Gróu Gunnsteinsdóttur foman Slysavarnardeildarinnar, Jóns í Sjóla og margt fleira.

Þá yrði fjallað um breytingar og framtíðarþróun hafnarinnar með breyttu skipulagi og uppbyggingu nýrra húsa og hverfis með viðtölum við hafnarstjóra og formann hafnarstjórnar. Öllu þessu efni vil ég gera skil með 60-70 mínútna kvikmynd sem sýnd yrði í lok árs, t.d. um helgi í byrjun desember í Bæjarbíói til að ljúka afmælisári hafnarinnar. Myndin væri t.d. frumsýnd á laugardegi með boðsgestum hafnarstjórnar og veitingum í hléi, en sýnd aftur sama dag, og tvisvar sinnum á sunnudeginum fyrir almenning.

Til að styrkja mig við gerð þessarar myndar, fer ég fram á stuðning Hafnarstjórnar um laun vegna handritsgerðar, hljóðvinnslu, klippingar, litleiðréttingar og samsetningu allt að 120 tímum an 8.700.- pr kl.st. án vsk, samtals 1.044.000.-. Viðbúið er að vinnslan taki lengri tíma, sem ég legg þá í púkkið, auk alls myndefnis úr safni mínu. Hafnarstjórn hefði heimild til að birta myndina í heild eða að hluta á vef sínum og/eða bæjarins og gera notendaeintök til gjafa og þess háttar.

Það er von mín að Hafnarstjórn taki vel í þessa hugmynd. Mér er ljúft og skylt að ræða við hafnarstjórn eða starfsmenn hennar um frekari útfærslu þessa verkefnis hvenær sem er. Með samantekt myndarinnar og sýningu hennar gefst skemmtilegt tækifæri að enda afmælisárið á hátíðlegan hátt og varðveita um leið minningar um hafntengda starfsemi og mannlíf.

12. ágúst 2019

virðingarfyllst,  
**Halldór Árni Sveinsson.**

